

6. gr.

Auglýsing þessi er sett með heimild í 28. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli. Auglýsingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 1. mars 2002.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Búðahreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn Búðahrepps er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:
Sorphreinsunargjald
Sorpeyðingargjald

kr.
6.000 á hvert sorpílát.
5.000 á hvert sorpílát.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af sveitarstjórn Búðahrepps, er hér með staðfest samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 74/2000.

Fáskráðsfirði, 6. mars 2002.

F.h. Búðahrepps,

Steinþór Pétursson sveitarstjóri.

AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfis fyrir atvinnurekstur
sem getur haft í för með sér mengun.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir fiskmjölsverksmiðju *Ísfélags Vestmannaeyja hf.*, kt. 660169-1219, til að reka fiskmjölsverksmiðju. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. febrúar 2014.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir *Þingey ehf.*, kt. 500300-3290, til að reka fiskmjölsverksmiðju Óslands ehf., Höfn, Hornafirði. Starfsleyfið er gefið út í sam-

ræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. febrúar 2006.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir fiskmjölverksmiðju *Vinnslustöðv-arinnar hf.*, kt.700269-3299, til að reka fiskmjölsverksmiðju í Vestmannaeyjum. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. febrúar 2014.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir fiskmjölverksmiðju *Barðsnes ehf.*, kt. 440399-3479, í Sandgerði til að reka fiskmjölsverksmiðju. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. febrúar 2006.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir fiskmjölverksmiðju *SR-mjöls hf.*, kt. 560793-2279, í Helguvík til að reka fiskmjölsverksmiðju. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. febrúar 2014.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir fiskmjölverksmiðju *Haraldar Böðvarssonar hf.* á Akranesi, kt. 600169-1149, til að reka fiskmjölsverksmiðju. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. febrúar 2014.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir fiskmjölverksmiðju *Gná hf.* í Bolungarvík, kt. 460598-3979, til að reka fiskmjölsverksmiðju. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. febrúar 2006.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir fiskmjölverksmiðju *SR-mjöls hf.* á Raufarhöfn, kt. 560793-2279, til að reka fiskmjölsverksmiðju. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. febrúar 2006.

Hollustuvernd ríkisins, 3. mars 2002.

Davíð Egilson forstjóri.

Helgi Jensson forstöðumaður.